



Til nefndasviðs Alþingis
Heilbrigðis og trygginganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/2092
komudagur 23.04.2004

Reykjavík, 15. apríl 2004

Landssambandi eldri borgara hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um nýbyggingu við Landsspítala, 542. mál.

Það er augljóst að flutningsmenn tillögu þessarar ætla fyrirhugaðri nefnd mikið hlutverk. Hún á hvorutveggja í senn að vera bygginganefnd nýs, eða nýrra stórhýsa, sem ætlað er í megin atriðum að hýsa alla þá starfsemi sem nú fer fram á mörgum stöðum í nafni Landsspítala Háskólasjúkrahúss. Nefndin á líka að gera tillögu um hvernig það núverandi húsnæði þessara stofnana sem losnar verði nýtt.

Þarna er augljóslega um mjög mikið og tímafrekt verkefni að ræða sem full ástæða er til að fara að leita lausna á.

Tímasetningin 1. janúar 2006 fyrir skref á fyrsta áfanganefndarálits vegna þessa verkefnis gefur vísbendingar um að aldrei fyrr en einhvern tíman á öðrum áratug þessarar aldar megi búast við að neitt af því húsnæði sem nú stendur til að byggja komist í almenna notkun.

Í greinagerð með tillögunni er lagt til að væntanleg nefnd kannaði hvort nýta mætti núverandi húsnæði Borgarspítalans undir einhverskonar öldrunarstofnun þegar hið nýja húsnæði hefði verið tekið í not fyrir þá starfsemi sem þar er nú.

Stjórn Landssambands eldri borgara finnst augljóst að framsettar hugmyndir um forgangsroðun á uppbyggingu nýrra heilbrigðisstofnana séu ekki í samræmi við brýnustu þarfir neytenda, heldur kannski fyrst og fremst framsettar út frá rekstrarhagræðingarsjónarmiðum þessarar stóru stofnunnar, Landsspítala Háskólasjúkrahúss.

Allar fyrirbyggjandi kannarnir sýna að brýnasta þörfin á þessu sviði er fyrir stóraukningu á uppbyggingu og rekstri á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða sjúka, sem þó eiga ekki heima inni á hátækni sjúkrahúsum.

Uppbygging slíkra stofnana má því ekki verða einhvert afgangsverkefni sem hugsanlega verði leyst með þeim byggingum sem losna þegar búið verður að leysa þarfir Landsspítalans eftir kannski heilan áratug.

En samt sem áður er kannski skynsamlegt að setja einhverja nefnd strax til þess verkefnis sem tillagan gerir ráð fyrir. En trúlega væri skynsamlegt að einhverjir fleiri en stjórnmalaflokkar kæmu að því að tilnefna í slíka nefnd, t.d. samtök fagaðila og neytenda.

Virðingafyllst

F.h., Landssambands eldri borgara

Benedikt Davíðsson